



Vátryggingafélag Íslands hf.

Afkoma fyrstu níu mánuði ársins 2014

Samstæðuárshlutareikningur félagsins fyrir tímabilið janúar til september 2014 var staðfestur af stjórn og forstjóra félagsins á stjórnarfundum þann 30. október 2014. Árshlutareikningurinn hefur ekki verið kannaður eða endurskoðaður af endurskoðendum félagsins.

Helstu niðurstöður

- 906 m.kr. hagnaður varð af rekstri félagsins á fyrstu níu mánuðum ársins samanborið við 2.043 m.kr. hagnað á sama tímabili árið 2013.
- Lögjöld tímabilsins námu 11.853 m.kr. samanborið við 12.029 m.kr. á sama tímabili árið 2013.
- Framlegð af vátryggingarekstri var 20 m.kr. samanborið við 461 m.kr. fyrstu níu mánuði ársins 2013.
- Samsett hlutfall var 100,8% samanborið við 97,1% á sama tímabili 2013.
- Fjármunatekjur námu 1.426 m.kr. samanborið við 2.457 m.kr. fyrstu níu mánuði 2013.
- Heildareignir í lok september námu 47.274 m.kr. samanborið við 46.254 m.kr. í árslok 2013.
- Fjárfestingaeignir félagsins námu 35.174 m.kr. samanborið við 36.581 m.kr. í árslok 2013.
- Eigið fé félagsins nam 15.392 m.kr. í lok tímabilsins samanborið við 16.624 m.kr. í árslok 2013.
- Arðsemi eigin fjár var 7,6% á ársgrunni samanborið við 17,6% arðsemi á sama tímabili árið 2013.
- Eiginfjárhlutfall var 32,6% í lok tímabilsins.
- Gjaldþolshlutfall samstæðunnar var 3,76 í lok september og hefur hækkað úr 3,74 frá áramótum.
- Á fyrri helmingi ársins greiddi félagið 1.831 m.kr. í arð til hluthafa og keypti eigin bréf að nafnverði 36 m.kr. fyrir um 307 m.kr.

Sigrún Ragna Ólafsdóttir, forstjóri

„Afkoma félagsins af fjárfestingastarfsemi á þriðja ársfjórðungi var ágæt og í samræmi við væntingar en ávöxtun fjórðungsins var 9,1% reiknuð á ársgrunni. Þegar horft er til vátryggingareksturs á fjórðungnum þá var þróun iðgjaldtekna jákvæð og jukust iðgjöld um 3,9% frá öðrum ársfjórðungi og voru einnig hærri en á sama fjórðungi 2013. Tjónþunginn var talsverður og var eigið tjónahlutfall 81,8% sem er herra en það hefur verið um langt skeið og var samsett hlutfall á fjórðungnum 102,7%. Fyrstu níu mánuði ársins er samsett hlutfall 100,8%, en á sama tíma í fyrra var samsetta hlutfallið 97,1%. Tjónþungi á þriðja fjórðungi og það sem af er árinu er meiri en búist var við í upphafi árs og skýrist hann annars vegar af fjölgun tjóna milli ára og hins vegar af stóru tjóni sem varð í byrjun júlí.

Þróun á fjármálamörkuðum fyrstu níu mánuði ársins leiðir af sér að arðsemi af fjárfestingasafni félagsins var nokkuð undir væntingum stjórnenda og verulega lakari en á sama tímabili 2013. Meginskýringuna er að finna í þróun á mörkuðum fyrir verðtryggð skuldabréf og skráð hlutabréf. Ávöxtun þessara eigna er engu að síður umfram þróun helstu skuldabréfa- og hlutabréfavísitalna á tímabilinu.

Áherslur stjórnenda á að einfalda starfsemi og auka skilvirkni í rekstri hafa skilað sér í því að rekstrarkostnaður hefur nánast staðið í stað þegar horft er til kostnaðar á sama tímabili 2013.“

Ný vátryggingalöggjöf – Solvency II

Félagið vinnur að innleiðingu á væntanlegri vátryggingalöggjöf, Solvency II, sem taka á gildi frá og með 1. janúar 2016. Löggjöfin felur meðal annars í sér umtalsverða breytingu á því hvernig áhætta í starfsemi vátryggingafélaga er mæld og hvernig gjaldþol og gjaldþolskrafa eru ákvörðuð. Gjaldþolskrafa skv. Solvency II er reiknuð sem áhættumiðað mat á heildaráhættu félagsins. Megin breyting á reiknuðu gjaldþoli eftir Solvency II felst í að staða vátryggingaskuldar umfram varfærnislegt mat telst til gjaldþols þó að frádregnum tekjuskatti. Þetta hefur í för með sér að gjaldþol félagsins reiknast herra samkvæmt Solvency II. Félagið hefur reiknað gjaldþol og gjaldþolskröfu miðað við síðustu áramót. Þá reiknaðist gjaldþol skv. Solvency II 17,9 milljarðar króna og gjaldþolskrafa 9,2 milljarðar króna sem gefur gjaldþolshlutfall 1,9. Gjaldþol reiknast því um 4 milljörðum króna herra samkvæmt Solvency II en í núverandi löggjöf að teknu tilliti til tekjuskatts. Þessi útreikningur miðast við þær forsendur og upplýsingar sem nú liggja fyrir um væntanlega löggjöf.

Samhliða innleiðingu á Solvency II er unnið að því að setja félaginu ný markmið um gjaldþol og arðgreiðslustefnu. Félagið mun upplýsa um niðurstöður þessarar vinnu þegar henni er lokið og allar nauðsynlegar upplýsingar varðandi nýja löggjöf liggja fyrir.



Horfur

Stefna félagsins er að sækja og rækta samband sitt við núverandi og nýja viðskiptavinum og viðhalda markaðsstöðu sinni. Áhersla er á áhættumat og verðlagningu vátryggingaráhættu ásamt öflugum forvarnarstarfi til að fækka slysum og tjónum. Markmið félagsins er að auka ánægju viðskiptavina enn frekar á sama tíma og unnið er að því að einfalda og auka skilvirkni í starfsemi félagsins og lækka kostnað. Markmið félagsins er að samsett hlutfall á árinu 2014 verði lægra en það var á árinu 2013 en afkoma fyrstu níu mánaða ársins hafa dregið úr líkum á að þetta markmið náist. Jafnframt er áhersla á trausta langtímaávöxtun á fjárfestingar í samræmi við fjárfestingastefnu félagsins.

Um VÍS

VÍS er leiðandi fyrirtæki á sviði vátrygginga á Íslandi. VÍS nýtur sterkrar stöðu á íslenskum vátryggingamarkaði með liðlega þriðjungs markaðshlutdeild. Félagið býður upp á víðtæka vátryggingaþjónustu til viðskiptavina sinna þar sem rík áhersla er lögð á viðeigandi ráðgjöf um vátryggingavernd, gæði í þjónustu, skilvirkni og sveigjanleika.

Meginstarfsemi VÍS er á sviði skaðatrygginga og líftrygginga og starfrækir félagið 39 þjónustuskrifstofur víðsvegar um land. VÍS leggur áherslu á að starfsmenn og umboðsmenn félagsins vinni eftir grunngildum þess sem eru umhyggja, fagmennska og árangur.

Hlutverk VÍS

VÍS er traust, leiðandi og framsækið þjónustufyrirtæki sem veitir viðskiptavinum viðeigandi vátryggingavernd og stuðlar að öryggi í samfélaginu með öflugum forvörnum.

Kynningarfundur

Kynningarfundur fyrir markaðsaðila og hluthafa verður haldinn hjá VÍS í Ármúla 3, 5. hæð, þann 31. október n.k. kl. 8:30. Þar kynni Sigrún Ragna Ólafsdóttir forstjóri VÍS afkomu félagsins og svarar spurningum.

Kynningarefni fundarins verður aðgengilegt að honum loknum á heimasíðu VÍS: www.vis.is

Fjárhagsdagatal

<u>Viðburður</u>	<u>Dagsetning:</u>
3. ársfjórðungur 2014	30. október 2014
Ársuppgjör 2014	26. febrúar 2015
Aðalfundur 2015	12. mars 2015



Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veitir Sigrún Ragna Ólafsdóttir forstjóri í síma 560-5000 og í netfangi fjarfestatengsl@vis.is.



Rekstraryfirlit

	m.kr.	9M 2014	9M 2013	2013
Rekstur	Iðgjöld tímabilsins	11.853	12.029	16.090
	Eigin iðgjöld	11.390	11.541	15.447
	Fjármunatekjur	1.426	2.457	2.631
	Heildartekjur	12.935	14.112	18.233
	Tjón tímabilsins	-9.054	-8.735	-12.667
	Eigin tjón	-8.926	-8.653	-11.663
	Rekstrarkostnaður	-2.939	-2.910	-3.936
	Heildargjöld	-11.892	-11.643	-15.677
	Hagnaður	906	2.043	2.154
	Hlutföll	Tjónahlutfall	76,4%	72,6%
Eigið tjónahlutfall		78,4%	75,0%	75,5%
Kostnaðarlutfall		21,6%	21,1%	21,4%
Endurtr.kostnaðarlutfall		2,8%	3,4%	-2,2%
Samsett hlutfall		100,8%	97,1%	97,8%
Eiginfjárlutfall		32,6%	34,7%	35,9%
Arðsemi eiginfjár		7,6%	17,6%	13,9%
Gjaldþolshlutfall		3,76	4,24	3,74





Efnahagsyfirlit

	m.kr.	30.9.2014	31.12.2013
Efnahagur	Eignir		
	Fjárfestingar	33.597	33.919
	Laust fé	1.577	2.662
	Viðskiptakröfur	6.092	4.811
	Endurtryggingaeignir	1.491	1.426
	Aðrar kröfur	1.628	994
	Óefnislegar eignir	1.429	926
	Aðrar eignir	1.460	1.516
	Eignir samtals	47.274	46.254
	Skuldir		
Eigið fé	15.392	16.624	
Vátryggingaskuld	29.070	27.083	
Viðskiptaskuldir	479	412	
Aðrar skuldir	2.333	2.135	
Skuldir samtals	47.274	46.254	
Hlutföll	Eiginfjárhlutfall	32,6%	35,9%
	Gjaldþolshlutfall samstæðu	3,76	3,74

Til athugunar fyrir fjárfesta

VÍS vekur athygli á því að staðhæfingar sem finna má í þessari fréttatilkynningu kunna að vera byggðar á mati og áætlunum stjórnenda félagsins en ekki á staðreyndum sem hægt er að sannreyna við birtingu tilkynningarinnar. Eðli málsins samkvæmt fela slíkar staðhæfingar í sér óvissu. Athygli fjárfesta er vakin á því að margir þættir geta haft þau áhrif að rekstrarumhverfi félagsins og afkoma verði með öðrum hætti en forsendur gera ráð fyrir í tilkynningunni. Þessi tilkynning verður ekki endurskoðuð eftir birtingu hvað þetta varðar. Staðhæfingar sem finna má í þessari fréttatilkynningu gilda eingöngu á þeim tímamarki þegar fréttatilkynningin er fyrst birt og takmarkast gildi þeirra við það sem segir í fyrirvara þessum.